

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

417. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 22.01.2020, kl.15:00.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir Ágúst Bjarni Garðarsson, Líf Magneudóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Jóna Sæmundsdóttir boðaði forföll. Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins undir lið 1 var Erlendur Gíslason og undir lið 2. Anna Margrét Jóhannesdóttir, Jenný Stefanía Jensdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Þórunn Þórðardóttir, Lárus Finnbogason og Sigrún Guðmundsdóttir.

Tekið fyrir:

1. Stefna ÍAV

Kynnt drög að greinargerð vegna stefnu ÍAV vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Málið rætt. Stjórn felur lögmanni að halda áfram með málið eins og áður hefur verið ákveðið.

2. Skýrsla Innri endurskoðanda Reykjavíkur, stjórnarhættir, áætlanagerð og GAJA

Innri endurskoðandi kynnir helstu niðurstöður. Málið rætt. Stjórn SORPU samþykkir að afþakka vinnuframlag framkvæmdastjóra á meðan mál hans er til meðferðar innan stjórnar.

Jóna Sæmundsdóttir tengdist fundinum í gegnum síma kl. 16:28
Kolbrún Þorsteinsdóttir fer af fundi kl. 16:48

3. Fundargerðir stjórnar samþykktar og undirritaðar.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 30. janúar kl. 15:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 17:16

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir